

Fundur í skólaráði 23. febrúar 2012, haldinn í Grunnskóla Grundarfjarðar.

Mættir: Anna Kristín Magnúsdóttir og Unnur Birna Þórhallsdóttir, fulltrúar kennara, Herdís Björnsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks, Una Ýr Jörundsdóttir og Björg Ágústsdóttir, fulltrúar foreldra, Jóhanna Kristín Sigurðardóttir og Emli Robert Smith, fulltrúar nemenda og Gunnar Kristjánsson, fulltrúi grenndarsamfélags auk skólastjóra, Önnu Bergsdóttur sem ritaði fundinn.

1. **Reglugerð um skólaráð.** Farið yfir hlutverk ráðsins, nokkrir þættir þar skoðaðir s.s. kjör fulltrúa, starfsáætlun, fundartímar og að skólaráð skuli að lágmarki halda einn upplýsingafund á ári fyrir samfélagið. Rætt hvað skuli vera á dagskrá á slíkum fundi og hvernig skuli staðið að honum.
2. **Reglugerð um ábyrgð og skyldur allra í skólasamfélaginu.** Reglugerðin kynnt og farið yfir nýjar áherslur.
3. **Aðalnámskrá grunnskóla.** Ný aðalnámskrá, almennur hluti er komin út en námsefnisþættirnir verða tilbúnir í mars að einhverju leyti. Fundarmönnum bent á að kynna sér námskrána en sérstaklega var fjallað um viðmiðunarstundaskrá og námsmat sem mun taka breytingum frá því sem nú er.
4. **Ráðning aðstoðarskólastjóra.** Auglýst verður eftir aðstoðarskólastjóra nú á vordögum og verður hann ráðinn frá og með 1. ágúst nk..
5. **Starfsmannamál.** Á næsta skólaári mun einn kennari vera í námsleyfi og annar í fæðingarorlofi. Ráða þarf tímabundið í þeirra stað en auk þess þarf að auglýsa stöðu leiðbeinanda sem nú starfar við skólann en er í réttindanámi.
6. **Danskennsla.** Foreldrafélagið og skólinn hafa sameiginlega staðið fyrir danskennslu í skólanum síðustu ár. Áætlað að kennslan verði 7.-11. maí og Eva Karen Þórðardóttir sér um hana eins og síðustu ár. Danstímum hefur verið fjölgað úr þremur í fimm tíma auk sýningar. Allir nemendur skólans verða í danskennslu og fer kennslan fram á skólatíma.
7. **Kynning á eineltisteymi.** Starf eineltisteymis grunnskólans kynnt og vinnuferli þess kynnt fyrir ráðinu. Rætt um einelti og skilgreiningu á því, hvort einelti hafi aukist og hvernig það birtist helst. Kannanir um um einelti, líðan og samskipti nemenda hafa sýnt að við skólann er ekki mikið um einelti. Verðugt verkefni fyrir skólaráð að fjalla nánar um einelti og hvernig hægt er að uppræta það í samfélaginu eftir því sem kostur er.
8. **Vinna við skólastefnu Grundarfjarðarbæjar.** Bæjaryfirvöld og skólanefnd hafa samþykkt að hefja vinnu við skólastefnu Grundarfjarðarbæjar á þessu ári. Gera má ráð fyrir að aðilar víðs vegar úr skólasamfélaginu taki þátt í þeirri vinnu.
9. **Skólavogin, Skólapúlsinn-kynning.** Skólavogin og Skólapúlsinn kynnt lítillga en þetta eru matstæki sem nýtast skólum í innra mati. Grunnskóli Grundarfjarðar hefur í hyggju að kynna sér Skólapúlsinn betur með það fyrir augum að taka hann í notkun hér í haust.
10. **Önnur mál.** Undir þessum lið átti að vera umfjöllun um metnað og samvinnu í skólasamfélaginu en færðist aftast á dagskrána. Hér voru önnur mál tekin fyrir en undir þeim lið var farið yfir skóladagatal þessa árs og drög að skóladagatali næsta árs.
11. **Umræður um metnað samfélagsins fyrir góðri samvinnu og eflingu skólastarfs.** Undir þessum lið var fjallað vítt og breitt um hvernig hægt er að efla metnað og samvinnu í skólasamfélaginu. Hvað leiðir eru færar og hverju við viljum nám fram með þessari umræðu. Ákveðið var að halda annan fund um þetta efni mánudaginn 5. mars nk. kl. 15.00 í grunnskólanum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.30

Anna Bergsdóttir, fundarritari.

12. Metnaður, umræðupunktur,

Kl. 15.00 næst fundur á mánudag 5. Mars.